



Landsvirkjun
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 12. mars 2024
Tilv. 2024-01-15-0049/2.3.1

Efni: Varðar stækkun Sigölduvirkjunnar

Í umsókn sem barst Fiskistofu þann 15. janúar síðastliðinn leitar Landsvirkjun eftir heimild til framkvæmda í tengslum við stækkun Sigölduvirkjunnar (staður: 64.172773°, -19.125533°). Markmið með fyrirhugaðri stækkun er að auka afl í raforkukerfinu og skapa þannig aukinn sveigjanleika í orkuafhendingu og gera Landsvirkjun kleift að mæta afltoppum þegar eftirspurn er í hámarki. Fyrirhuguð framkvæmd felst í að bæta við fjórðu vélinni í inntaksmannvirki Sigöldustöðvar og fjórðu þrýstipípunni í fyrilliggjandi steyptum stokki sem liggur undir inntaksstíflunni. Áætlaður framkvæmdatími er um 2,5 ár. Umsókninni fylgja upplýsingar um framkvæmdina og yfirlitsmyndir og umhverfismatsskýrsla ásamt álti Skipulagsstofnunar á því að skýrslan uppfylli skilyrði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Einnig fylgir umsókninni umsögn Hafrannsóknastofnunar varðandi möguleg áhrif á lífríki í vatni og mat á því hvort framkvæmdin breyti ástandi viðkomandi vatnshlota (sbr. lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011). Ennfremur fylgir umsókninni umsögn stjórnar Veiðifélags Holtamannafréttar.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar um framkvæmdina kemur m.a. fram:

„Helstu breytingar sem búast má við að verði í vatnshlotum á áhrifasveði Sigölduvirkjunar, vegna stækkunar virkjunarinnar, er tímabundinn aukinn rennslishraði vatns um lónin og veituskurð þegar verið er að bregðast við toppum í raforkuvinnslu“

...

Par sem vatnshlotin eru nú þegar á bráðabirgðalista yfir mikið breytt vatnshlot 2,3,4 hefur bessi litla breyting á vatnsformfræði sem felst í auknum rennslishraða um lónin ekki frekari áhrif á flokkun vatnshlota í vatnagerð/vatnaflokk og hefur ekki áhrif á flokkun þeirra eftir vistmegni. Samkvæmt umhverfismatsskýrslu 1 munu rennslisbreytingar sem fyrirsjáanlega eru vegna stækkunar Sigölduvirkjunar dempast í lónum neðan Sigöldu, í Hrauneyjalóni og Sporðöldulóni, og munu jafnast alveg út í Sultartangalóni. Samkvæmt því er ekki að vænta rennslisbreytinga í Þjórsá neðan Sultartanga vegna stækkunarinnar.“

Einnig kemur fram:

„Að framansögðu er það álit Hafrannsóknastofnunar að stækkun Sigölduvirkjunar muni ekki hafa áhrif á flokkun á vistmegni vatnshlotanna Króklóns, Hrauneyjalóns eða Veituskurð Sigölduvirkjunar. Vatnshlotin eru þegar á bráðabirgðalista yfir mikið breytt vatnshlot og eru undir áhrifum af vatnsformfræðilegum breytingum vegna virkjana á svæðinu. Stækkun Sigöldu mun hafa minniháttar viðbótaráhrif á umrædd vatnshlot. Vatnshlotin eru metin vera í góðu vistmegin og er álítið byggt á þekkingu á vatnshæðabreytingum í lónunum og upplýsingum um lífríki og eðlisefnafræðilega gæðaþætti. Talið var nægilegt að fjalla um þau vatnshlot sem eru næst virkjuninni. Samkvæmt umhverfismatsskýrslunni verða rennslissveiflurnar vegna stækkunarinnar tímabundnar í hvert sinn (nokkrar klst. skv. framkvæmdaraðila) til að koma til móts við ólika orkuþörf á mismunandi tímum. Rennslissveiflur vegna stækkunarinnar jafnast



alveg út í Sultartangalóni samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdaraðila. Það er mikilvægt vegna þess að umfangsmiklar, skyndilegar og tíðar rennslisbreytingar geta haft neikvæð áhrif á lífríki í straumvötnum neðan virkjana. Samkvæmt áformum Landsvirkjunar um stækken og rekstur virkjunarinnar mun rennslisjöfnun í lónunum neðan Sigöldu, sérstaklega í Sultartangalóni, koma í veg fyrir tíðar skammtíma rennslissveiflur í Þjórsá neðan virkjana og mun stækken Sigölduvirkjunar því ekki hafa áhrif á vatnshlot á því svæði.“

Niðurstaða umhverfismatsskýrslu um heildaráhrif framkvæmdarinnar er eftirfarandi (bls. 26): „Með stækken Sigöldustöðvar er um að ræða nokkra stækken á mannvirkjum sem eru til staðar og allt rask því á áður röskuðum svæðum. Þar sem ekki er um ný mannvirki að ræða þarf ekki að gera breytingar á aðalskipulagsuppráttum Ásahrepps og Rangárþings ytra. Umhverfisáhrif fyrirhugaðrar stækunar Sigöldustöðvar eru því metin óveruleg á alla umhverfisþætti nema samfélag, en þar eru þau frá því að vera nokkuð jákvæð yfir í að vera nokkuð neikvæð.“

Stjórn Veiðifélags Holtamannafréttar gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina.

Að teknu tilliti til umsagnar Hafrannsóknastofnunar, annara fram lagðra gagna og með vísan til 33. greinar laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði fellst Fiskistofa á að Landsvirkjun fari í framkvæmdir í tengslum við stækken Sultartangavirkjunar (staður: 64.172773°, -19.125533°) í samræmi við umsókn, sem felast í því að bæta við fjórðu vélinni í inntaksmannvirki Sigöldustöðvar og fjórðu þrýstipípunni í fyrilliggjandi steypum stokki sem liggur undir inntaksstíflunni. Fiskistofa leggur áherslu á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum. Heimildin gildir til 9. mars 2028.

Almennar upplýsingar um leyfið eru birtar á upplýsingaveitunni Hafsjá (fiskistofa.is).

Fiskistofa vekur athygli á því að gjald er tekið fyrir leyfisveitingu vegna framkvæmda við ár og vötn (24.500 kr.) í samræmi við auglýsingu nr. 1700/2023. Reikningur verður sendur í heimabanka.

Fiskistofa bendir á eftirfarandi:

- Uppfylla þarf lagaskilyrði gagnvart viðkomandi landeigendum áður en framkvæmd hefst.
- Framkvæmdir við veiðivötnun kunna að vera háðar framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitafélags.
- Framkvæmdir innan friðlýstra svæða eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs